



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um uppsagnir leikskólastarfsmanna

Á fundi borgarráðs, 10. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um þá leikskólastarfsmenn sem meirihlutinn tilkynnti við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar að yrði sagt upp störfum. Fram kom til skýringar að um væri að ræða starfsfólk sem ráðið hafi verið til starfa vegna Covid, t.d. til að annast hólfanir. Þessar upplýsingar komu eins og þruma úr heiðskíru lofti þar sem um nokkurt skeið hefur mikil ólga ríkt meðal foreldra í Reykjavík en mörg hundruð börn hafa ekki fengið leikskólapláss. Óskað er ítrekað eftir því að foreldrar sæki börn sín þegar þau eru rétt kominn í leikskólann vegna fjarveru starfsfólks. Spurt er: Hvort einhver af þessum starfsmönnum sem segja á upp komi ekki til starfa áfram eða verði endurráðnir einmitt vegna manneklu í leikskólum? Var sá hópur sem til stendur að segja upp ráðinn aðeins vegna Covid t.d. til að annast hólfanir? Ef svo er, hvaða verkefnum hafa þeir sinnt síðan Covid lauk?

Svar:

Varðandi ráðningar starfsmanna vegna Covid þá er töluverð einföldun að segja að hópur starfsmanna hafi verið ráðinn í leikskóla vegna Covid-19 og hólfunar. Hið rétta er að margar ástæður lágu fyrir því að aukning hefur orðið á liðnum árum á fjölda starfsmanna í leikskólum. Covid-19 spilaði þátt en einnig kjarasamningar sem tóku gildi 1. janúar 2020. Þar varð meðal annars aukning á undirbúningstímum leikskólakennara og deildarstjóra og innleiðing á styttri vinnuviku. Þessir þættir höfðu þau áhrif að leikskólastjórar voru að máta sig inn í nýjan veruleika sem í einhverjum tilvikum leiddi til fjölgunar í starfsmannahópi. Eðlileg starfsmannavelta í leikskólum gerir það að verkum að ekki er þörf á að grípa til uppsagna þessu tengt.

Eftir að Reykjavíkurborg birti fjárhagsáætlun sína hefur verið mikil umræða um leikskóla borgarinnar og þróun starfsmannafjölda milli ára 2022 og 2023.

1. Rekstrarkostnaður og starfsmannafjöldi 2021 (rauntölur)
2. Rekstrarkostnaður og áætlaður fjöldi stöðugilda í lok árs 2022 (áætluð tala framreiknuð til áramóta skv. Áætlun B)
3. Rekstraráætlun 2023 og fjöldi stöðugilda (Áætlun A)

Munurinn á áætlun A og áætlun B er að sú fyrrnefnda (A) er grunnáætlun án allra viðbóta sem koma frá áætlunardegi. Algjörlega hrá áætlun og tekur mið af fjölda barna og þar af leiðandi



stöðugilda sem voru skráð í okkar kerfi í byrjun september 2022. Vegna þeirrar aðferðarfræði sem borgin beitir við áætlanagerð þá verður þetta að vinnast svona. Allar breytingar sem verða í umhverfi leikskóla frá byrjun september til loka árs eiga eftir að koma inn í áætlunina í svokallaðri milliumræðu sem fer fram í desember ár hvert. Þá verður til endanleg útgáfa af áætlun A.

Áætlun B er hins vegar sú áætlun sem stjórnendur styðjast við og bera viðkomandi rekstur saman við. Hún tekur mið af breytingum á árinu s.s. viðbótarfjárheimildum sem veittar eru vegna sérstaks viðhalds, stuðnings, viðbótar starfsmanna sem samþykktir eru og alls annars sem kemur til viðbótar. Það er því röng nálgun að bera saman áætlun B og áætlun A eins og var gert í fjölmiðlum í kjölfar kynningar á fjárhagsáætlun 2023.

Hér að neðan eru tölur sem birtust í greinargerðum með áætlunum síðastliðinna tveggja ára.

	Raun 2020	Útkomuspá/ Áætlun B 2021	Áætlun A 2022
Leikskólar	1.628	1.668	1.627

	Raun 2021	Útkomuspá/ Áætlun B 2022	Áætlun A 2023
Leikskólar	1.682	1.775	1.700

Áætlun B (útkomuspá) 2021 taldi 1.668 stöðugildi fyrir lok árs 2021

Áætlun B (útkomuspá) 2022 taldi 1.775 stöðugildi fyrir lok árs 2022

Áætlun A fyrir 2022 taldi 1.627 stöðugildi alls (miðað við september 2021)

Áætlun A fyrir 2023 taldi 1.700 stöðugildi alls (miðað við september 2022)

Þetta er aukning upp á 73 stöðugildi (áætlun A). Einnig sést að svipaður mismunur er á A og B áætlunum fyrir lok árs 2021 og áætlun 2022 (1.668 skv. B og 1.627 skv. A)

Öllum viðbótum er haldið fyrir utan áætlanagerðina þar til að fengist hafa samþykktar fjárheimildir á rekstrarárinu og því er veigamikill munur á þessum tveimur áætlunum (A án fjárheimilda og B með öllum viðbótar fjárheimildum).